

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar 2026 haldinn í Sveitasalnum á Ytra-Gili þriðjudaginn 31.mars kl.10.30.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og skipun starfsmanna, fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra og reikningar kynntir.
3. Umræður og reikningar bornir upp til samþykktar
4. Erindi gesta.
Bára Eyfjörð Heimisdóttir og Fannberg Jenssen frá Kjarnafæði Norðlenska.
Trausti Hjálmarsson formaður stjórnar BÍ.
Alexandra Rut Jónsdóttir verðandi framkvæmdastjóri BSE.
5. Hádegisverður og verðlaunaveitingar.
Sushi forréttur og lambalæri ásamt meðlæti.
Hvatningarverðlaun BSE fyrir liðið ár.
Nautgripa- og sauðfjarræktarverðlaun.
6. Kosningar.
 - a. Tveir í stjórn til þriggja ára og einn til eins árs.
 - b. Formaður og varaformaður kosnir til eins árs úr hópi stjórnar.
 - c. Tveir varamenn til eins árs.
 - d. Tveir skoðunarmenn til eins árs.
 - e. Tveir varaskoðunarmenn til eins árs.
7. Lögð fram fjárhagsáætlun og tillögur fyrir fundinn.
8. Önnur mál.
9. Fundarslit kl. 15.30.

1. Birgir Arason formaður BSE setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður tilnefndi starfsmenn fundarins, fundarstjóra þau Aðalstein Hallgrímsson og Gunnhildi Gylfadóttur og fundarritar Helgu Hallgrímsdóttur. Fundurinn samþykkti með lófaklappi.

2. **Skýrsla formanns Búnaðarsambands Eyjafjarðar á aðalfundi 31 mars 2026**

Ágætu félagar í Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, formaður Bændasamtaka Íslands og aðrir gestir, verið velkomin til aðalfundar BSE 2026.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir fimm stjórnarfundir, auk reglulegra samskipta stjórnar og framkvæmdastjóra með tölvupóstum milli funda. Á þeim fundum hefur verið fjallað um þau fjölmörgu mál er varða starfsemi sambandsins, rekstur þess og þau verkefni sem framundan eru.

Meðal þeirra mála sem hvað mest hafa verið til umræðu er staða kúasæðinga. Árangur hefur verið undir væntingum á liðnu ári og hefur töluverð vinna farið í að greina orsakir þess. Þetta er mikilvægt hagsmunamál fyrir kúabædur. Þá hefur notkun kyngreinds sæðis og aðrir tæknilegir þættir eins og appið verið í þróun. Þetta er mikið framfaramál fyrir bændur og verður áfram unnið að því að ná betri árangri á komandi árum.

Söfnun og meðhöndlun rúlluplasts, kom inn á borð stjórnar. Það skal tekið fram að Búnaðarsambandið sér ekki um söfnun á rúlluplasti. Það er alfarið á vegum sveitarfélaga og Terra. Ljóst er að þar þarf að bæta skipulag og samskipti milli þeirra aðila sem að málunum koma. Unnið hefur verið að því að fara yfir fyrirkomulagið í samstarfi við þjónustuaðila með það að markmiði að ná fram ásættanlegri lausn fyrir alla aðila. Þá hefur einnig verið fjallað um ýmis mál, svo sem, þróun dýralæknakostnaðar og þjónustu við bændur. Þá hefur komið upp umræða varðandi stórgripaslátrun sem miklar breytingar hafa orðið á og ber helst að nefna neyðarslátrun í því sambandi. Mikilvægt er að leysa það mál í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

Framkvæmdir og viðhald á húsnæðinu okkar að Óseyri hafa verið til umfjöllunar. Í ljós hafa komið ákveðnir annmarkar á klæðningu hússins og hefur verið unnið að úrbótum á þeim málum. Það liggur fyrir að halda þarf áfram með viðhald á húsnæðinu, ekki síst innanhúss í austurenda þess og bæta nýtingu sem ekki hefur verið nægjanleg undanfarin ár og þarf að halda vel á þeim málum á komandi árum.

Rekstur Búnaðarsambandsins er traustur um þessar mundir, framkvæmdastjóri mun gera grein fyrir rekstrinum þegar reikningar verða lagðir fram. Helstu tekjur eru áfram af kúasæðingum, en einnig skilar starfsemi kortateikninga með auknum verkefnum betri afkomu, en veltan þar hefur nær tvöfaldast milli ára. Þá hafa sauðfjársæðingar stór aukist með tilkomu arfgerðargreiningar vegna riðu og er ánægjuleg þróun að sjá þann mikla áhuga sem þessi einstaka aðgerð hefur gefið af sér.

Í starfsmannamálum urðu breytingar þegar Jón Hlynur Sigurðsson lét af störfum síðastliðið haust eftir áratuga starf hjá Bókvís. Færum við honum bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu okkar bænda.

Það verða áfram breytingar í starfsmannahaldi á þessu starfsári. Núverandi framkvæmdastjóri, Sigurgeir B Hreinsson, hefur ákveðið að láta af störfum 31. maí n.k. eftir farsælt starf hjá BSE. Fyrir hönd stjórnar vil ég færa honum bestu þakkir fyrir gott og farsælt samstarf. Framlag hans til samfélags bænda hefur verið mikilvægt og vel metið. Starf hans sem framkvæmdastjóra hefur þróast svona mest megnis, vegna þess að hann tekur öll þau símtöl sem hann fær og reynir eftir bestu getu að leysa úr málum þeirra sem til hans leita. Og einmitt þannig hafa verkefnin komið meira til okkar, heldur en við höfum leitað eftir þeim.

Alexandra Rut Jónsdóttir hefur verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri Búnaðarsambandsins og bjóðum við hana hjartanlega velkomna til starfa. Það er okkar trú að hún muni taka við starfinu af auðmýkt og leiða starfsemi BSE áfram á þeirri braut sem við höfum verið á og komi með sínar áherslur þegar fram líða stundir.

Þrátt fyrir þær áskoranir sem upp koma í rekstri og starfsumhverfi landbúnaðarins þá er ljóst að bændur halda áfram að vinna af krafti og bjartsýni. Verkefnin eru fjölmörg og mikilvægt að við stöndum saman sem áður, styðjum hvert annað og leitum lausna í sameiningu.

Ég þreystist ekki á því að segja það að við getum verið stolt af þeirri starfsemi sem rekin er innan BSE og því öflugra starfi sem unnið er af starfsfólkinu okkar. Ég vil þakka stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á árinu, framkvæmdastjóra og starfsfólki fyrir vel unnin störf og öllum þeim sem koma að starfi Búnaðarsambandsins með einum eða öðrum hætti.

Sigurgeir B. Hreinsson framkvæmdastjóri BSE kynnti reikninga félagsins.

Rekstrartekjur: 282.133.976 kr.

Rekstrargjöld: 272.656.399 kr.

Hagnaður ársins: 7.749.745 kr.

Eignir: 208.600.517 kr.

Handbært fé í árslok : 16.644.674 kr.

Tekjur af sæðingum hafa aukist frá 2024 en þær eru stærsti hluti af starfsemi búnaðarsambandsins og tekjur af kortavinnu hækkuðu umtalsvert milli ára og skila jákvæðri afkomu. Þá eru þó nokkrar tekjur af leigu á tækjum eins og staðsetningatæki sem notað er við hnitsetningar og aðra kortagerð.

Kaup á skeljasandi er gott dæmi um verkefni sem BSE stendur að, þar sem bæði bændur og BSE hagnast. Skip með skelina komu bæði vor og haust með alls yfir 2.000 tonn.

Nokkur hækkun hefur verið á rekstri tölvukerfis, sæðis kaupum og aðkeyptri þjónustu vegna sæðinga.

Starfsemi Bókvís, sem er í eigu BSE, var með líku sniði og undanfarin ár og skilaði um 1,1 milljón í hagnað. Pakkaði Jóni Hlyn Sigurðssyni fyrir vel unnin störf en hann lét af störfum sl. haust.

Varðandi húseignina að Óseyri 2 er fyrirsjáanlegt að viðhalds er þörf á næstu árum. Galli var í nýju klæðningunni og eftir er að klæða syðri hlið hússins. Þá vantar betri nýtingu á austurhluta hússins. Tekjur af útleigu húsnæðis eru talsvert hærri en gjöld því tengd.

Mestur hluti starfsemi BSE er fyrir bændur og stuðla þarf að fleiri „útboðum“ fyrir bændur. Þarf meira samstarf milli BSE og búgreinafélaga. Högnumst á samvinnu en þurfum að sýna aðhald.

3. Umræður

Aðalsteinn Hallgrímsson spurði hvað væru margir félagar í BSE ?

Ástþór Örn Árnason sagði skyldu sína sem formanns FEK að ræða um klaufskurð á svæði BSE. Klaufskurðarbásinn væri eldgamall og erfitt að ná klaufskurðarmanninum á bæina. Spurði hvort ætti að heyra í BSE eða tala beint við Helga varðandi að panta klaufskurð ? Spurning hvort ætti að ráða annan mann.

Spurði hvort ennþá væri farið austur á land að klaufsnyrta?

Baldur Helgi Benjamínsson sagðist yfirleitt ekki hafa þurft að bíða lengi eftir klaufskurði. Pantaði klaufskurð 13. janúar sl. og Helgi hefði komið 2. febrúar.

Gunnhildur Gylfadóttir sagði afar erfitt að fá klaufskurðarmanninn til að koma út í Svarfaðardal. Og sagði að alltaf ætti að panta klaufskurð beint hjá búnaðarsambandinu.

Vildi benda á, í sambandi við sæðingar, að erfitt væri fyrir bændur í Svarfaðardal að tímasetja sæðingar því þeir vissu ekki hvort sæðarinn kæmi frá Dalvík eða Akureyri.

Sigurgeir framkvæmdastjóri BSE svaraði spurningunum.

Félagar í BSE væru um 200 alls, rúmlega 40 þar sem 2 eru skráðir á búi og 63 þar sem einn er skráður sem greiða fullt árgjald. 55 eru skráðir með lægra gjald.

Sagði að vissulega hafi verið ákveðin vandamál með klaufskurðinn.

Básinn væri orðinn nokkuð gamall en hefði verið vel við haldið.

Áætlað væri að kaupa nýjan bás á þessu ári. Ekki hefur verið farið austur á land að klaufsnyrta nema á tvo bæi í Vopnafirði.

Bændur ættu að tala beint við framkvæmdastjóra BSE til að panta klaufskurð.

Reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða.

4. Erindi gesta

Alexandra Rut Jónsdóttir verðandi framkvæmdastjóri BSE kynnti sig fyrir fundarmönnum. Er úr Dölunum og hefur starfað að búi foreldra sinna. Lauk búfræðiprófi frá Hvanneyri 2017 og BS prófi í búvísindum 2020. Hefur setið í menningarmálanefnd Dalabyggðar og var gjaldkeri í Félagi ungra bænda. Sagðist gríðarlega spennt fyrir starfinu.

Nú var tekinn fyrir 5. liður fundarins

Hádegisverður og verðlaunaveitingar.

Núverandi og verðandi framkvæmdastjóri BSE afhentu verðlaunin.

Sauðfjárræktarverðlaun BSE fyrir árið 2025, veitt á aðalfundi 2026

Eins og undanfarin ár er við ákvörðun sauðfjárræktarverðlauna hagað þannig að fjórir þættir eru metnir til stiga, þ.e. afurðir eftir hverja á, gerðarmat sláturlamba, hlutfall kjötmats og fitu og kjötmat lamba. Hæsta bú fær 10 stig í hverjum flokki, næsta 9 og niður í 1 stig. Bú sem fær verðlaun er ekki aftur verðlaunað fyrr en eftir 10 ár.

Fyrir liðið ár hljóta ábúendur í Búðarnesi verðlaunin, en samkvæmt fyrrnefndum reglum voru þau í 4.sæti, en búin sem ofar stóðu,

Hríshólsbúið, Ytri-Villingadalur og Ytri-Bægisá 2, hafa hlotið sauðfjárræktarverðlaun á síðustu árum.

Gunnar Gunnarsson í Búðarnesi kom inní búskap á fæðingarjörð sinni 1978. Eiginkona Gunnars, Doris Charlotte Maag hóf búskap með honum 1992.

Alla tíð hefur verið blandað bú hjá þeim hjónum og á seinni árum um 25 kýr auk geldneyta þó þessi misserin fari nautgripum fækkandi.

Í sauðfjárræktinni hafa verið um 200 ær og heildarfjöldi sauðfjár 260-270. Ávalt hefur verið snyrtilegt heim að líta í Búðanesi og lögð áhersla á góða umgengni.

Ræktun sauðfjár í Búðarnesi hefur verið skýr og snúist um að fá sem mestar afurðir eftir hverja á og eru meðalafurðir á þessum áratug á pari við það sem niðurstaða síðast árs var, 35,8 kg. eftir fullorðna á. Það næst ekki síst með miklum vaxtarhraða lamba þar sem búið var í 1.sæti í héraðinu (bú með yfir 100 skýrslufærðar ær) með 152 gr/dag af kjöti. Minna er lagt uppúr gerð lamba en víða er en á síðasta ári var gerðarmat 8,82 og fita 7,22.

Gunnar og Doris í Búðarnesi fá sauðfjárræktarverðlaun BSE vegna ársins 2025 fyrir góða afurðasemi og snyrtilegan búskap um langt árabil.

Nautgriparæktarverðlaun BSE 2025 veitt á aðalfundi 2026

Ástþór Örn Árnason og Svana Ósk Rúnarsdóttir keyptu Ytra-Felli undir árslok 2021 eftir að hafa búið í Miðdal í Skagafirði í tæpan áratug. Þegar þau hófu búskap í Ytra-Felli hækkuðu afurðir kúnna umtalsvert og hafa verið í fremstu röð síðan.

Á síðastliðnu vori keyptu Ástór og Svana Espihól og fluttu þangað. Það er kunnara en að frá þurfi að segja að þar hafði verið rekið mikið myndar bú um áratuga skeið með snyrtimennsku og góðum afurðum.

Um leið og þau tóku við búinu var hafist handa við stækkun á aðstöðu fyrir kýrnar og byggt við fjós og hlöðu og bætt við öðrum mjaltþjóni.

Á kúaskýrslum hjá þeim Espihólshjónum á síðasta ári eru rúmlega 100 árskýr sem mjólkuðu að meðaltali 7.983 kg. sem skipaði þeim í þriðja sæti í Eyjafirði, en bændur á Göngustöðum og Búrfelli sem voru með meiri afurðir eftir hverja kú. 2024 voru afurðir hjá þeim í Ytra-Felli 8.300 kg eftir 60 kýr.

Eftir þær breytingar sem urðu á síðasta ári fer kúnum fjölgandi og er stefnt

að betri nýtingu á mjaltþjónum.

Það má geta þess að á seinustu mánuðum hafa tvö tilvonandi kynbótanaut fengið far suður að Hesti þar sem þau koma vonandi til með að nýtast á næstunni til ræktunar á kúastofninum.

Við búskap Ástþós og Svönu í Ytra-Felli var Möðrufell sem stendur þar ofar í brekkunni, nýtt undir búreksturinn líka. Við flutning og sölu á Ytra-Felli var Möðrufelli haldið eftir og byggingar þar nýttar fyrir uppeldi og all mikla nautakjötsframleiðslu með ágætan vaxtarhraða þar sem slátrað er um 50 gripum á ári.

Ástþór og Svana hljóta nautgriparæktarverðlaun BSE fyrir liðið ár fyrir öflugan búskap og uppbyggingu sem er til fyrirmyndar.

Hvatningarverðlaun vegna ársins 2025

Árið 1963 hófu Stefán Þórðarson og Þorgerður Jónsdóttir búskap í Teigi. Stefán var um langt árabil starfsmaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar og titlaður vélaráðunautur og umsjónarmaður með skurðgröfu sem var eitt mesta framfaratæki landbúnaðar þess tíma. Stefán fékk

Hvatningarverðlaunin fyrir tæpum tveimur áratugum vegna heykögglaverka-smiðjunnar sem hann smíðaði að hluta og rak um langt árabil. Svínarækt hófst í Teigi 1971 sem stækkaði og þróaðist áfram.

Ingvi sonur þeirra tók við búi í Teigi aldamótaárið ásamt konu sinni Selmu Dröfn Brynjarsdóttur. Þau hafa síðan búið þar og eiga fjögur börn. Eldri sonurinn Tristan hefur einnig valið að búa og starfa þar með sambýliskonu sinni Lýdíu Rut Unnsteinsdóttur, þau eiga einn son.

Búskapurinn tók breytingum og um árabil voru keyptir eldisgrísir sem voru uppistaða búsin og það má geta þess að í Byggðum Ey. 2010 segir að á bænum séu 10 kindur, 1652 eldisgrísir og skógrækt.

Stóra stökkið í svínaræktinni var síðan þegar keypt var spilda ofan vegar úr landi Torfna til að byggja svínahús frá grunni, sem hafði lengi verið draumur Ingva. Ljóst var að slík framkvæmd mundi skipta miklu fyrir fóðursölu og veltu í slátrun og vinnslu á kjöti á svæðinu. Mikilvægi þess endurspeglast í því að Bústólpi og Kjarnafæði Norðlenska eiga hlut í uppbyggingunni. Það er oft vanmetið t.d. hversu jákvæð áhrif svínaslátrun hefur á sláturkostnað nautgripa.

En þar var stofnað lögbýli sem fékk nafnið Sölvastaðir, í höfuð á geltinum

Sölva sem hafði fengið skipspláss með Helga magra í Eyjafjörð. Þar risu byggingar sem eru 3200 m², innréttaðar fyrir 400 gyltur og fráfærustíur og í öðru húsi er fóðurlöndun og aðstaða fyrir starfsfólk. Fyrstu gylturnar komu í húsið snemma sumars 2024.

Núna er að fara af stað uppsetning á starfsmannahúsi og það verður gaman að fylgast með áframhaldandi uppbyggingu.

Eitt af því sem er hvað athyglisverðast og vert að lofa við þessa uppbyggingu er sú mikla áhersla sem lögð er á aðbúnað dýra, sem er til algjörar fyrirmyndar þar sem rými og aðstaða fyrir dýrin er umtalsvert meiri en reglur kveða á um.

Það vildi svo heppilega til að um það leiti sem uppbyggingin hófst lauk Tristan Darri búfræðiprófi og hóf störf við hlið föður síns sem hefur skipt sköpum vð uppbyggingu og rekstur á Sölvastöðum.

Umgengni og ásýnd á Sölvastöðum er til fyrirmyndar, eins og hefur alla tíð verið í Teigi.

Hvatningarverðlaun BSE fyrir 2025 fara til þeirra feðga í Teigi, Ingva og Tristans vegna áræðni við glæsilega uppbyggingu á svínabúinu á Sölvastöðum.

4. Erindi gesta, framhald

Bára Eyfjörð Heimisdóttir og Fannberg Jenssen frá Kjarnafæði Norðlenska.

Bára ræddi um breytt fyrirkomulag við stórgripaslátrun hjá KN þar sem stórgripum og svínum af öllu Norðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum er slátrað á Akureyri. Það var verið að slátrað um 4.500 stórgripum á ári eða um 70 á viku en verða um 10.000 gripir í ár eða allt að 270 gripir á viku. Svínaslátrun eykst líka, fer úr 9-10.000 uppí 15.000 á ári. Hross og folöld eru samtals um 4.000, þar af um 800 fullorðin hross. Nú þegar er leyfi til að slátra 70 gripum á dag og gengur vel og er stefnt á að slátra allt að 85 stórgripum á dag. Reynt að úrbeina alltaf daginn eftir slátrun. Mesta áskorunin er að tryggja dýravelferð vegna langs ferðatíma, sérstaklega frá Vestfjörðum, en hámarksferðatími er 10 klst. Einnig

þarf að vera hægt að flokka gripina á bílana. Varðandi gripi sem eru veikir fyrir er spurning hvort eðlilegt sé að setja þá í flutning. Það sem oft er kallað „neyðarslátrun“ er í raun „forgangsslátrun“. Neyðarslátrun er þegar sérútbúið teymi fer á bæinn og slátrar og gerir að gripnum á staðnum. Ekki hægt að standa undir neyðarslátrun á Íslandi nema með opinberum stuðningi. Áskorun að hafa nóg pláss í réttinni. Ef gripir eru lengur en 12 klst. Þar þarf að fara að gefa þeim og mjólka en ekki sé aðstað til þess. Matvælaöryggi sé mikilvægt, sem og góðir framleiðsluhættir. Stefnt að hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu til að geta skilað betra verði til bænda og neytenda. Enginn biðlisti væri í slátrun og í raun vanti gripi.

Fannberg sagði að sláturhúsið réði vel við aukinn fjölda sláturgripa. Flöskuhálsinn sé í úrbeiningunni en þar á að gera breytingar svo hægt sé að úrbeina 100 gripi á dag. Nú starfa níu manns við úrbeiningu en verða 18 eftir breytingarnar. Töluvert er um heimtöku á kjöti og til að einfalda það ferli verður boðið uppá 3 „uppskriftir“ á heimtöku-úrbeiningu. Til stendur að stækka móttöku fyrir sláturgripi og breyta uppsetningu á réttinni til að hún geti rúmað um 50 gripi. Áætlað að slátra svínum á mánudögum og stórgripum aðra daga. Ræddi um rafrænt kjötmat sem verður vonandi komið í gagnið fyrir haustið. Verður þá samskonar kjötmat í öllum sláturhúsum landsins. Þurfa að fá leyfi til að tengjast gagnagrunni HUPPU.

Bára : Tók undir að alltaf mætti bæta upplýsinggjöf til bænda og láta vita fyrr um sláturdaga. Ræddi um „Íslenskt staðfest“ og þar ætlar fyrirtækið að standa sig betur. Sagði að mjög gott væri að bændur tækju mynd af gripunum, ef þeir væru með laus merki, og sendu til KN. Það gæti komið sér vel til að sýna MAST ef merkið dytti úr á leiðinni í sláturhúsið.

Gunnhildur Gyldadóttir sagðist hafa sent Báru og fleirum hjá KN langan tölvupóst þegar B.Jensen var sameinað KN. Ræddi smákálfslátrun og heimtöku á kjöti. Sagði að endilega ætti að senda bændum tölvupóst ef vantaði sláturgripi og líka láta vita fyrr um sláturdag.

Sigurgeir Hreinsson sagði lítið mál að halda góðum samskiptum við bændur með tölvupósti.

Bára sagði að heimtaka myndi hækka þó að ferlið yrði einfaldað. **Svanhildur Ketilsdóttir** sagði að gott væri að fá meiri fyrirvara með slátturdeg.

Þórir Níelsson sagðist tiltölulega sáttur við verð KN en sagðist þurfa að verðleggja heimtökukjöt, sem hann selur sjálfur, hátt. Ræddi líka að samkvæmt skýrsluhaldi í nautakjöti væru miklar framfarir en líka mjög lélegir gripir.

Bára sagði að það væri verkefni í gangi hjá Mátis um gæði íslenska nautakjötsins.

Gunnsteinn Þorgilsson ræddi rekstur Kjarnafæði Norðlenska.

Fannberg sagði að ekki væri gott að bera saman rekstur SS og Norðlenska þar sem SS ætti nokkur skuldlaus fyrirtæki.

Aðalsteinn Hallgrímsson ræddi um lélegu gripina, sumir bændur segðu að það kostaði ekki neitt að ala þá. Sagðist fara vonbetri heim af þessum fundi. Benti á að það væri auðvelt fyrir bændur að hætta að framleiða kjöt.

Bára hvatti bændur endilega að hafa samband beint við fyrirtækið vegna málefna þess.

Sigurgeir Hreinsson sagði miklu skipta að bændur töluðu vel um fyrirtæki sín útá við.

Guðjón Þórsteinsson spurði hvort vantaði 500 naut í sláttur á ári ?

Fannberg sagði að það vantaði fleiri. Blendingsgripum færi fjölgandi. Sagði hagkvæmara fyrir vinnsluna að fá stærri gripi.

Birgir Arason þakkaði Báru og Fannberg fyrir komuna á fundinn og gott samstarf.

Trausti Hjálmarsson formaður stjórnar Bændasamtaka Íslands.

Trausti komst ekki norður en mætti á „teems“.

Sagði að félagsmönnum BÍ hefði fjölgað um 7,1 % á liðnu ári og væru nú um 2.600. Ræddi um samning um starfsskilyrði landbúnaðarins. Tollvernd hefur veikst, búum fækkar og fjárfestingar eru ekki nægilegar. Vantar um 3,7 milljarða 2017-2024, verðlagsuppfærsla hefur ekki verið rétt öll árin. Áherslur forystu BÍ er á eftirsóknarverð starfsskilyrði og hámerkun markaðshlutdeildar. Vatnshalli (hagræðingarkrafa) var ríflega 1 milljarður 2018-2025. Stuðningur hefur dregist saman sem nemur 31,0 % (sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu). Finna þurfi

sameiginlegan snertiflöt framtíðarstefnu bænda og stefnumótun hins opinbera. Undirstöður landbúnaðarins séu: tollvernd, nýliðun, gögn og ráðgjöf, fjárfesting, nýsköpun, tryggingar og afleysingar. Ræddi einnig um vörugjöld sem til stóð að setja á dráttarvélar og fjór- og sexhjól, kílómetragjald á dráttarvélar og jurtaostamálið sem búið er að leiða til lykta. Breytingar á búvörulögum: Fallið frá að afnema undanþágu í mjólk og kjöti. Búvörulög eigi að taka yfir samkeppnislög. Sagði „Íslenskt staðfest“ auka traust neytenda og tengja neytendur við framleiðendur. MS tók upp merkið í janúar. BÍ heldur upp áframhaldandi hagsmunagæslu og samningum við stjórnvöld. Millipinganevnd BÍ er tekin til starfa vegna ESB-kosninga í ágúst n.k. Það þurfi að sýna, með skýrum hætti og tölulegum staðreyndum hvert tjón bænda muni verða.

Þakkaði að lokum fyrir áheyrnina.

Birgir Arason spurði um Velferðarsjóðinn, hvort hann væri til ennþá og hvað hann gerir fyrir bændur.

Trausti sagði að verið væri að segja upp samningi við VÍS, peningarnir að verða búnir og verið að finna nýja leið.

Gunnsteinn Þorgilsson spurði hvort Bændasamtökin gætu kynnt íslenskann landbúnað enn betur fyrir landsmönnum.

Trausti sagði BÍ búa vel að „öll úr sömu sveit“ og hægt að nota það meira og blanda inn tölulegum staðreyndum.

Þórir Níelsson sagðist hafa áhyggjur af stjórnarheimilinu, allt snýst um ESB. Ef framlengja á búvörusamninginn um eitt ár, í hvaða stöðu eru bændur, ef allt springur á stjórnarheimilinu ?

Trausti sagði að þetta væri góð þæling. Hafa fundað með formanni samningarnefndar og stefnt á að samningunum verði lokið í nóvember n.k. Ekki mikið fjármagn í boði, kerfið yrði framlengt um eitt ár. Ekki mikill fyrirsjáanleiki. Ef það verður NEI við ESB í ágúst, þá er óvissa með stjórnvöld en BÍ búið að semja til eins árs í viðbót.

Sigurgeir Hreinsson ræddi atkvæðagreiðslu um ESB. Er hægt eða ekki að semja um grunnstoðir? Hvernig er hægt að skýra það betur?

Trausti sagði það hluta af vinnu millipinganevnda BÍ að draga fram þessa hluti fyrir kosningarnar í ágúst. Þetta höfum við, ætlum við að fórna því? 98 % þjóðarinnar hefur framtíð bænda í hendi sér.

Landbúnaðurinn hverfur ekki en verður ekki svipur hjá sjón. Engar varanlegar undanþágur í boði. Tollverndin fer og verður ekki bætt. Það þurfi staðreyndir og tölur uppá borð.

Aðalsteinn Hallgrímsson spurði hvernig staðan yrði ef við gengum í ESB?

Trausti sagðist hafa fundað með Torfa Jóhannessyni og hann teldi að á 12 – 24 mánuðum yrði ARLA búið að taka yfir mjólkurvinnslu. 30% af framleiðslu kjúklingakjöts og 20-30% af framleiðslu svínakjöts yrði eftir í landinu og nautakjötið myndi láta undan. Útiræktað grænmeti hverfur en mögulega verður eitthvað inniræktað. Kúabúum myndi snarfækka og sennilega valin svæði sem þættu hentugust.

Aðalsteinn Hallgrímsson spurði hvort ekki væri tómmt mál að tala um aukinn stuðning ef það væru engir kaupendur?

Trausti sagði að tollverndin skipti öllu máli, því við værum að framleiða fyrir innanlandsmarkað. Þessum upplýsingum þyrfti að koma á framfæri. Sagðist ekki hafa heyrt talað um neina varnagla í sambandi við landbúnaðarkafann í samningum við ESB.

Þórir Níelsson spurði hvað færi í gang ef það yrði JÁ í kosningunum í ágúst?

Trausti sagði að þá skipti öllu máli að bændur setji varnagla fyrir landbúnaðinn. En svo þarf að breyta stjórnarskráinni og rjúfa þing og kjósa aftur um stjórnarskrárbreytinguna. Hvetur alla til að segja NEI í kosningunum í ágúst.

Sigurgeir Hreinsson segist lenda í rökræðum um stuðning norðan við 62.breiddargráðu. Er hægt að fá stuðning t.d. út á heilnæmi afurða?

Trausti sagði engan varanlegan stuðning í boð. Ef er samið um undanþágur í ákveðinn tíma þurfum við bara að borga meira til ESB en töpum tollverndinni.

Fundarstjóri þakkaði Trausta fyrir gott innlegg á fundinn.

6. Kosningar

Kjósa þarf tvo í stjórn til þriggja ára í stað Gests J. Jenssonar og Aðalsteins Hreinssonar. Aðalsteinn gefur kost á sér áfram en ekki Gestur. Kjósa þarf

einn í stjórn til eins árs í stað Hákonar Harðarsonar. Svanhildur Ketilsdóttir og Baldur Helgi Benjamínsson gefa kost á sér í stjórn.

- a. Kosin til þriggja ára: Svanhildur Ketilsdóttir og Aðalsteinn Hreinsson
Kosinn til eins árs: Baldur Helgi Benjamínsson.
- b. Formaður: Birgir Arason
Varaformaður: Baldur Helgi Benjamínsson
- c. Varastjórn: Karl Ingi Atlason fyrsti varamaður og Auður Olga Arnarsdóttir annar varamaður.
- d. Skoðunarmenn reikninga: Gunnhildur Gyldfadóttir og Hákon Harðarson
- e. Vara skoðunarmenn: Ásta Arnbj. Pétursdóttir og Kristín Hermannsdóttir

7. Lögð fram fjárhagsáætlun og tillögur fyrir fundinn.

Tillaga um að fullt árgjald verði 35.000 kr. (var 30.000 kr.)

Tillaga um að lægra árgjald verði 10.000 kr. (var 9.000 kr.)

Tillaga um að komugjald í klaufskurð verði 40.000 kr. (var 36.000 kr.)

Tillaga um að tímagjald í klaufskurði verði 19.800 kr. (var 18.500 kr.)

Tillaga um að tímagjald í kortateikningu verði 14.200 kr. (var 13.545 kr.)

Tillaga um að tímagjald í fornleifaskráningu verði 16.485 kr. (var 15.700 kr.)

Tekjur : 268.051 kr.

Gjöld : 255.337 kr.

Áætlað að kaupa klaufskurðarbás ca. 15.000.000 kr.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.

Gunnhildur Gyldfadóttir þakkaði kærlega fyrir matinn sem kom frá RUB og þakkaði Bylgju Sveinbjörnsdóttur sem sá um framreiðslu.

Þakkaði síðan gestum fyrir komuna og góðan fund og sleit fundi um kl. 15.30

